

**Fundur stýrihóps fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara,  
17. febrúar 2016, kl. 10.30-13.**

Mættir: Sigurjón Mýrdal, Aðalheiður Steingrímisdóttir, Ársæll Guðmundsson, Guðný Helga Gunnarsdóttir, Þórður Kristjánsson og Sólrún Harðardóttir.

Ingibjörg Kristleifsdóttir tilkynnti um forföll.

Viðfangsefni fundarins:

- Fagráðsfundur á föstudag
- SKÝRSLA fagráðs
- Önnur mál

### **Fagráðsfundur á föstudag**

Fundarstað hefur verið breytt og verður fundurinn haldinn í Borgartúni í húsnæði Sambandsins. Á dagskrá fundarins er að fara yfir lokaskýrslu fagráðsins og fá fram ábendingar og athugasemdir við drögin sem fyrir liggja. Síðar í dag verða senda út nýjustu drög til fagráðsins.

### **Skýrsla fagráðsins**

Rætt um skýrsluna eins og hún litur út núna og fjallað um ákveðna þætti sem vantar eða mættu vera öðruvísi. Sérstaklega var rætt um uppbyggingu og kom fram tillaga um að breyta aðeins uppbyggingu og láta framtíðarsýnarkafli endurspeglast betur í köflunum sem fylgja. (Sjá efnisyfirlit sem var síðan rætt betur á fagráðsfundi 19.2.) Talsvert var rætt um kaflann um nýtt fagráð og tók Þórður að sér að skerpa betur á honum, en hlutverk þess þótti ekki nógu skýrt.

### **Önnur mál**

Fjallað um heitið *fagráð um starfsþróun og símenntun kennara* og mögulegan rugling við fagráð Menntamálastofnunar en nú er að koma fram tillaga að reglugerð um þau og má lesa um hana á vef menntamálaráðuneytisins:

<https://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/samrad-um-reglugerd-um-stofnun-og-starf-fagrada-menntamalastofnunar>. Ýmsar hugmyndir

komu fram um heiti en ekkert ákveðið.

*Sólrún Harðardóttir skráði punkta.*